


Hópuppsagnir í apríl 2020


Alls bárust 57 tilkynningar um hópuppsagnir Vinnumálastofnun í apríl þar sem 4.654 starfsmönnum var sagt upp störfum. Bætist það ofan á hópuppsagnir marsmánaðar þar sem 29 fyrirtæki sögðu upp 1.207 manns. Stærsta einstaka hópuppsögn aprílmánaðar er frá Icelandair þar sem 2.148 manns er sagt upp. Aðrar uppsagnir eru nánast allar í ferðatengdri þjónustu; 1.168 eru í gistiþjónustu, 912 í ýmiss konar ferðaþjónustu, 237 í verslun aðallega tengdri ferðaþjónustu, 100 í veitingaþjónustu, 38 í ýmiss konar lista- og menningarstarfsemi og 15 í fiskvinnslu.

Hópuppsagnir í apríl eftir atvinnugreinum



Flestir þeirra sem sagt var upp nú í apríl eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (64%) og á Suðurnesjum (27%), einnig eru allmargir búsettir á Suðurlandi (6%) en færri annars staðar.

Hópuppsagnir í apríl eftir búsetu



Uppsagnarfrestur þeirra sem sagt er upp í þeim hópuppsögnum sem nú eru að berast er í flestum tilvikum 3 mánuðir þannig að stofnunin áætla að þann 1. ágúst muni nálægt 3.800 manns af þeim sem sagt var upp nú í apríl ljúka sínum uppsagnarfresti. Flestir hinna eiga styttri uppsagnarfrest og missa því vinnuna í júní og júlí, en einhverjir eiga lengri uppsagnarfrest.

Í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að fólk verði endurráðið áður en ráðningarsambandi lýkur, einhverjir munu trúlega hafa fundið sér vinnu, hyggja á nám eða koma ekki inn á atvinnuleysissskrá af öðrum ástæðum. Ekki er hægt að gera ráð fyrir miklum flutningum fólks af landi brott líkt og átti sér stað 2008 sem eykur líkur á að þessi hópur muni nýta sér atvinnuleysistryggingakerfið þegar líður á sumarið.

Ef allir þeir sem sagt hefur verið upp með hópuppsögnum í mars og apríl kæmu inn á atvinnuleysissskrá myndu þeir hækka atvinnuleysi um nálægt 2,8%. Ljóst er þó að það mun ekki gerast, en hafa verður í huga að til viðbótar við þá sem sagt er upp með hópuppsögnum hafa fjölmörg smærri fyrirtæki, einkum í ferðaþjónustu, sagt upp starfsfólki eða eru með uppsagnir í undirbúningi, en slíkar uppsagnir falla ekki undir hópuppsagnir.

Er þetta mesti fjöldi hópuppsagna sem borist hefur á svo skömmum tíma, frá því lög um hópuppsagnir tóku gildi árið 1993. Svipuð staða var uppi í október og nóvember 2008 þegar um 75 fyrirtæki sögðu upp nærri 3.500 manns í hópuppsögnum.